

Stjörnugrís hf
Saltvík 1
162 Reykjavík

Reykjavík, 12.2.2025
UST202401-233/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun með athugasemnum

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 28.10.2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í í Stjörnugrís að Melum þann 30.8.2024. Sjö frávik voru skráð í eftirlitini en tveimur lokað í bréfinu. Þann 27.1.2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Fráviking eru eftirfarandi:

- Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir við útgáfu leyfisins. Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið.

Rekstraraðili hefur sent stofnuninni tímasett umhverfismarkmið.

- Gr. 4.6.1 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB)2017/302 um bestu, fáanlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla og svína. Til þess að skorpan hafi áhrif verður hún að vera þykk, það má ekki hreyfa við henni og hún verður að hylja allt yfirborð fljótandi húsdýraáburðarins. Eftir að lagið hefur myndast er fyllt á geymsluna undir yfirborði hennar til að komast hjá því að brjóta það. Rekstraraðili fyllir enn á tankinn ofanfrá sem veldur gati í skorpunni.

Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að veðurskilyrði þurfi að vera góð og tankur nær tómur til þess að geta leitt rör niður undir skorpuna. Hafa þurfi í huga að opinn flötur á tanki sé að hámarki 10 fermetrar þegar mest lætur. Opinn flötur mykju í svínahúsunum sé margfalt stærri. Úrbótum verði lokið í maí 2025.

- Gr. 2.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila er skyldt að sinna viðhaldi á mannvirkjum og búnaði. Tankur fyrir blauthluta svínamykjunnar er ryðgaður og hætta á að hann gefi sig.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður tankur fyrir blauthluta svínamykju tekinn úr notkun á árinu. Til standi að setja upp tvö lón í landinu með það að markmiði að leysa af hólmi gamlan ryðgaðan tank en

einnig til að draga verulega úr akstri tengdum dreifingu. Blauthluta verði því dælt í lónin og þau staðsett nærrí þeim svæðum sem dreifing á sér stað. Vonast sé til þess að framkvæmdir hefjist ekki seinna en í lok mars.

4. Gr. 38. Liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT24 í framkvæmdarákvörðun framkvæmdarstjórnar (ESB) 2017/302 um bestu fáanlegu tækni (BAT) vegna þéttbærs eldis alifugla og svína. Rekstraraðilar skulu nota bestu aðgengilegu tækni. Besta fáanlega tækni er að vakta heildarmagn köfnunarefnis og fosfórs, sem er losað sem úrgangsefni í húsdýraáburði með a) útreikningi með því að nota massajöfnuð, eða b) mat með því að nota greiningu á heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs í húsdýraáburði. Tíðni a) eða b) er einu sinni á ári fyrir hvern flokk dýra. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn niðurstöðum þessarar vöktunar.

Samkvæmt rekstraraðila voru útreikningar á heildar köfnunarefni og fosfór í húsdýraáburði gerðir með sambærilegum hætti og á svínabúinu á Brautarholti. Rekstraraðili sendi stofnuninni útreikningana. Efnagreiningar verði gerðar árlega, næst í lok ágúst 2025.

Stofnunin bendir á að útreikningar sem gerðir voru fyrir Brautarholt eru ekki nothæfir fyrir þá vöktun á heildarmagni köfnunarefnis og fosfórs sem óskað er eftir, sbr. það sem fram kemur í frávikalýsingu. Bent er á að þessir útreikningar eru venjulega gerðir samhliða útreikningum á ammóníaki, sbr. frávik nr. 5.

5. Gr. 38. Liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT25 í framkvæmdarákvörðun framkvæmdarstjórnar (ESB) 2017/302 um bestu fáanlegu tækni (BAT) vegna þéttbærs eldis alifugla og svína. Rekstraraðilar skulu nota bestu aðgengilegu tækni. Besta fáanlega tækni er að vakta losun ammóníaks með því að nota: a) mat með því að nota massajöfnuð eða b) útreikningur með því að mæla ammoníakstyrkinn og hraða loftræestingarinnar eða c) mat með því að nota losunarstuðla. Tíðni er einu sinni á ári fyrir hvern flokk dýra fyrir a) og c) en í hvert sinn sem umtalsverðar breytingar verða fyrir b). Rekstraraðili hefur ekki skilað inn niðurstöðum þessarar vöktunar.

Rekstraraðili hefur leitað til verkfræðistofu varðandi útreikninga á losun ammóníaks. VSÓ hefur leitað til erlendra aðila varðandi útreikningana og verður nýjum útreikningum skila inn um leið og þeir liggja fyrir frá þeim.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila vegna fráviks 1-3 og 5 en farið verður yfir þær úrbætur í næsta eftirliti stofnunarinnar. Stofnunin óskar eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna fráviks nr. 4 fyrir 19. febrúar 2025.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur